

AUGLÝSING

um breytta gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

Nóatún, Brautarholt og Skipholt.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 10. apríl 2001, með tilvísun til 10. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík frá febrúar 1988 og 6. og 8. töluliðar 3. gr. samþykktar fyrir samgöngunefnd frá október 2000, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gjaldskyld bílastæði við Brautarholt (3 stæði) og Skipholt (4 stæði) austan Nóatúns og austanvert við Nóatún (7 stæði) milli Skipholts og Brautarholts, þar sem nú eru stöðumælar sem teljast til gjaldsvæðis 2, verði skilgreint sem gjaldsvæði 1 með tímagjaldið 150 krónur og leyfilegan hámarksstöðutíma 60 mínútur.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Reykjavík, 15. maí 2001.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.